

Lokaskýrsla vegna styrks úr Kennslumálasjóði 2019 – leið A

Heiti verkefnis: Endurskoðun námskrár í táknafræði og táknafræðistúlkun

Nafn umsækjanda: Rannveig Sverrisdóttir, lektor

Námsgrein: Táknafræði og táknafræðistúlkun

Styrkupphæð: 560.000

Verkefnið nýttist í öllum námsleiðum og námskeiðum í Táknafræði og táknafræðistúlkun

Greinargerð:

Sótt var um styrk í Kennslumálasjóð til að halda áfram með og ljúka ákveðnum köflum í endurskoðun á námskrá í táknafræði og táknafræðistúlkun sem hófst vorið 2016. Þegar sótt var um styrkinn hafði undirrituð tekið sex viðtöl við einstaklinga og rýnihópa með aðstoð frá Kennslumiðstöð HÍ (KEMST). Hluti viðtalanna hafði þegar verið skráður. Ekki hafði unnist tómt til að þemagreina viðtölin auk þess sem aðstæður skorti til að vinna með stundakennurum að endurskoðuninni.

Vorið 2019 var vinnan við endurskoðun sett í gang á ný og skráðu og þemagreindu undirrituð og starfsmaður frá KEMST þau viðtöl sem eftir voru. Í framhaldi af því var haldin vinnustofa með alls fimm stundakennurum og sérfræðingum KEMST þar sem farið var yfir hæfniviðmið námskeiða og námsleiða. Í því samhengi var farið yfir þemun sem fram komu úr viðtölunum, hvaða lærdóm mætti af þeim draga og hvernig samræma þyrfti markmið, hæfniviðmið, kennsluaðferðir og mat í námskeiðum. Í framhaldi af því endurskrifaði undirrituð hæfniviðmið allra námsleiða innan greinarinnar sem og allra námskeiða í greininni að hluta eða öllu leyti. Stundakennarar sem þátt tóku í vinnunni lásu yfir og gerðu athugasemdir á öllum stigum. Styrkurinn úr Kennslumálasjóði gerði það kleift að greiða stundakennurum fyrir þessa vinnu og geta þar með nýtt krafta þeirra og hugmyndir. Vorið 2020 tók KEMST rýnihópaviðtal við nemendur og þemagreindi, bættist þá enn við í gögn sem nýtt verða við áframhaldandi endurskoðun.

Niðurstaða:

Styrkurinn nýttist vel til að klára skráningu og þemagreiningu gagna og gaf færi á að nýta krafta stundakennara og eiga við þá samtal og samvinnu. Námskrá í Táknafræði og táknafræðistúlkun er nú uppfærð og samræmd en endurskoðun mun halda áfram enda mikilvægt að hún sé sífellt í þróun.

Virðingarfyllst,

Rannveig Sverrisdóttir

Lektor í táknafræði